

Skýrsla Stjórnar Félags Leikstjóra á Íslandi 2011-2012

Innra starf FLÍ

Stjórn

Í stjórn FLÍ á starfsárinu sátu Jón Páll Eyjólfsson, formaður, Gunnar Gunnsteinsson, gjaldkeri og Kolbrún Halldórsdóttir, ritari, Varamenn í stjórn voru Rúnar Guðbrandsson, Eva Rún Snorradóttir og Heiðar Sumarliðasson.

Hefðbundin stjórnarstörf

Félagið telur núna 97 meðlimi. Það hefur verið metnaður stjórnar FLÍ að efla fagvitund félaga okkar og að vera leiðandi í umræðunni um sviðslistir og hagsmuni okkar sem starfa við sköpun sviðslista. Við höfum verið leiðandi í samstarfi fagfélanna innan sviðslista um athugasemdir og umræðu um fyrirætlaðar lagabreytingar mennta og menningarmálaráðherra. Stjórn fundar reglulega. Stjórn sér um daglega umsýslu félagsins og ritstjórn vefsíðu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að vefsíðan miðli vel upplýsingum til félaganna um ráðstefnur, fundi, vinnustofur og annað sem eflir þekkingu og fagvitund félagsmanna.

Meðal mála sem stjórn afgreiddi á árinu voru:

- Tillögur um fulltrúa FLÍ í nefndir, ráð og stjórnir utan félagsins.
- Verklagsreglur stjórnar
- Tillögur að fyrstu starfsáætlun FLÍ
- Umsóknir nýrra félaga
- Tillögur að lagabreytingum
- Athugasemdir og greinargerð við frumvarp MMR um sviðslistalög

Nýjir félagar á árinu

Erling Jóhannesson
Stefán Hallur Stefánsson
Unnar Geir Unnarsson

Kjaramál

Eins og áður hefur stærsta verkefni stjórnar síðastliðin misseri verið að endurskoða samninga FLÍ. Allir samningar hafa verið lausir síðan 2004. Samninganefnd á vegum FLÍ hefur verið í formlegum viðræðum við Leikfélag Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið. Nú síðustu mánuði hefur áhersla verið lögð á viðræður við Fjármálaráðuneytið og Þjóðleikhúsið. Þær viðræður hafa ekki gengið sem skyldi og ber mikið á milli samningsaðila. Það viðhorf sem samninganefnd FLÍ og kröfur okkar um kjarabætur hafa mætt gefa ekki tilefni til

bjartsýni. Samninganefnd FLÍ er hins vegar reiðubúin í langhlaup og lætur ekki deigan síga. Þær kröfur sem settar eru fram af hálfu FLÍ eru afrakstur ítarlegrar greiningar á starfi leikstjórans og miða við að réttindi leikstjóra verði sambærileg við aðrar háskólamenntaðar stéttir sem starfa hjá hinu opinbera. Einnig að launakerfið viðurkenni fagþekkingu og ábyrgð leikstjóra og hvetji til þess að leikstjórar sækji sér aukna menntun, sem síðan skilar sér með aukinni þekkingu og fagmennsku til viðkomandi sviðslistastofnunar. Það er núna nærri ljóst að leiðrétting launa, aukin réttindi og launakerfi sem hvetur til aukinnar fagþekkingar og endurmenntunar mun ekki nást nema með því að leikstjórar allir sameinist til stuðnings FLÍ í þessari baráttu.

Samninganefnd FLÍ

Páll Baldvin Baldvinsson
Kolbrún Halldórsdóttir
Jón Páll Eyjólfsson

Nefndir, ráð og stjórnir FLÍ

Menningarsjóður:

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskrar leiklistar með því að veita leikstjórum styrki til a) framhaldsnáms, b) rannsóknarstarfa, c) ferðalaga erlendis til að kynna sér það sem efla mætti listþroska þeirra. Sjóðstjórn sér um úthlutun úr sjóðnum tvisvar á ári, *1. apríl og 1. september* og skal veitt samkvæmt skriflegum umsóknum. Reglur sjóðsins má finna á vef félagsins.

Úthlutað var tvisvar úr sjóðnum á tímabilinu. Ávöxtun menningarsjóðsins hefur ekki verið mikil síðan 2007. Í haustúthlutun voru veittir tveir ferðastyrkir til Rúnars Guðbrandssonar og Elfars Loga Hannessonar. Í vorúthlutun 2012 barst aðeins ein umsókn og var Stefáni Jónssyni úthlutað ferðastyrk.

Það er ljóst að á meðan ekki eru stórar upphæðir til úthlutunar þá minnar áhugi félagsmanna á að sækja um í sjóðinn. Það er verkefni nýrrar stjórnar að skoða þessi mál og kanna hvort hægt sé að ávaxta sjóðin betur. Tekjur sjóðsins eru greiðslur úr IHM og 1% af launum starfandi félagsmanna sem stofnanir greiða til sjóðsins.

Menningarsjóður 2011-2013

Gjaldkeri FLÍ: Gunnar Gunnsteinsson, fulltrúi Leiklistarsambands Íslands:
Ragnheiður Skúladóttir, fulltrúi FLÍ: Ásdís Þórhallsdóttir

Bandalag íslenskra listamanna.

Starfsár BÍL hefur verið viðburðarríkt og annasamt. Skýrsla forseta BÍL Kolbrúnar Halldórsdóttur gefur mjög góða mynd af starfi bandalagsins og má finna hana á vefsíðu BÍL. Hér að neðan eru nokkrir féttapunktur frá starfsárinu.

- Opinber stuðningur við listir og menningu. Unnið að því að stöðva hjáveitu stjórnvalda í fjárveitingum og styrkjum til lista án faglegrar umsagnar eða

faglegrar þekkingar. Sú barátta að skila sér en skortir á að fjármagn skili sér í verkefnaþengda sjóði.

- BÍL hefur fylgt eftir kröfunni um opinbera menningarstefnu,
- Áfram hefur verið unnið á grundvelli kortlagningarverkefnis stjórnvalda og Íslandsstofu 2010/2011
- BÍL stefnir á að listir og menning fá hlutdeild í lottó-ágóða.
- Listalaus dagurinn var haldinn 1. nóvember 2011
- Sá árangur náðist í bættum skattakjörum að Ríkisskattstjóri ákvað að breyta viðmiðunarreglum um reiknað endurgjald tekjuárið 2011
- Umsögn þingmála þar á meðal um RÚV, sviðslistalög og fjölda annara.
- Ríkisútvarpið veitti íslenskri menningu og umfjöllun um störf listamanna aukið rými í dagskrá sinni.
- Á ársfundi ECA – European Council of Artists, var Kolbrún Halldórsdóttir forseti BÍL kjörin forseti samtakanna.

Formaður FLÍ hverju sinni er sjálfkjörinn fulltrúi í stjórn BÍL. Aðalfundur kýs einn varamann í stjórn BÍL sem situr í eitt ár

Fulltrúi FLÍ í stjórn BÍL 2011-12

Jón Páll Eyjólfsson

Fulltrúaráð IHM

Samtökin heita Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, skammstafað IHM. Aðaltilgangur IHM er að annast innheimtu gjalda af tækjum, diskum plötum eða öðrum hlutum til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku. Nánar er þetta tilgreint í ofangreindum lagaákvæði sbr. 2. grein laga nr. 60/2000 og reglugerð nr. 125/2001, sbr. reglugerð nr. 168/2001, sbr. reglugerð 227/2001. Aðilar að IHM eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) F-SÍK (Framleiðendafélagið-Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda) FÍL (Félag íslenskra leikara) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef og Félag leikstjóra á Íslandi. Þær tekjur sem FLÍ fær úthlutað úr sjóði IHM renna í Menningarsjóð.

Aðalfundur kýs einn aðalman og einn varamann í fulltrúaráð IHM. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

Fulltrúar FLÍ í fulltrúarráði IHM 2011-2012

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson, varamaður: Gunnar Gunnsteinsson

Fulltrúaráð Listahátíðar

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er þannig skipað að aðildarfélögin tilnefna í það einn fulltrúa með fullum atkvæðisrétti og annan til vara. Auk þeirra sitja í fulltrúaráðinu menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík.

Menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gegna formennsku í fulltrúaráðinu til skiptis, tvö ár í senn. Varaformennsku gegna þeir hvor fyrir hinn. Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er félag samtaka, fyrirtækja og stofnana sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík. Fulltrúaráðið er samráðsvettvangur félagsmanna um hvað eina er lýtur að Listahátíð í Reykjavík og hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn og stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík, einkum um langtímamarkmið og stefnu hátíðarinnar.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í fulltrúaráð Listahátíðar. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár

Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði Listahátíðar 2011-2012

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson, varamaður: Heiðar Sumarliðason

Þjóðleikhúsráð

Ráðið starfar samkvæmt Leiklistarlögum frá 1998 nr. 138 23. desember Þar segir í 7. gr. Ráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Félag íslenskra leikara tilnefni einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan en þrír eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðið skal skipað til fjögurra ára í senn, þó þannig að starfstími þeirra fulltrúa sem skipaðir eru án tilnefningar takmarkast við embættistíma ráðherrans sitji hann skemur. Fulltrúi starfsmanna leikhússins, kjörinn úr hópi þeirra til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, á sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti. Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Það vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir þjóðleikhúsráð til samþykktar og ráðið hefur eftirlit með framkvæmd hennar.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í Þjóðleikhúsráð Kjörtímabil þeirra er í 3 ár.

Fulltrúar FLÍ í Þjóðleikhúsráði 2011-2014

Aðalmaður: Rúnar Guðbrandsson, aramaður: Eva Rún Snorradóttir

Leiklistarsamband Íslands.

Leiklistarsamband Íslands er sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að leikhússmálum á Íslandi. Á starfsárinu hafa meginverkefni LSÍ verið eftirfarandi.

- Undirbúningur að stofnun og fjármögnun KIS. Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista.
- Undirbúningur og framkvæmd Norrænna sviðslistadaga sem haldnir verða 23.-26. ágúst.
- Kynning á íslenskum sviðslistamönnum með þáttöku þeirra á sviðslistahátíðum og kaupstefnum.
- Framkvæmd og umsýsla Grímunnar.

- Ritstjórn og viðhald á Stage.is sem nú gegnir sama hlutverki og “Theatre in Iceland” áður
- Breytingar á verklagsreglum og lögum LSÍ vegna frumvarps MMR til nýrra sviðslistalaga.

Formaður FLÍ hverju sinni er sjálfkjörinn í fulltrúaráð LSÍ. Aðalfundur kýs einn varamann í fulltrúaráð LSÍ sem situr í eitt ár

Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði LSÍ 2011-2012

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson, Varamaður: María Reyndal

Fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands

Forstöðumaður Leikminjasafnsins er Jón Viðar Jónsson

Stjórn: Kolbrún Halldórsdóttir formaður, Ágústa Skúladóttir varaformaður (SL), Hlín Gunnarsdóttir gjaldkeri (FLB), Viðar Eggertsson ritari (FLÍ), Benóný Ægisson (FLH), Lilja Árnadóttir (Þjóðminjasafn Ísl.), Magnús Þór Þorbergsson (LHÍ), Messíana Tómasdóttir (SÍM) og Steinunn Knútsdóttir.

Ath. Samkvæmt lögum Leikminjasafnsins þurfa a.m.k. 5 stjórnarmenn að koma úr fulltrúaráðinu. Aðrir geta boðið sig fram sjálfstætt, sbr. Kolbrún Halldórsdóttir og Steinunn Knútsdóttir.

Leikminjasafnið hefur orðið fyrir niðurskurði fjárframlaga á síðastliðnum árum líkt og mörg önnur söfn. Eins hefur húsnæðisskortur staðið því fyrir þrifum. Það hefur nú skrifstofuaðstöðu í Reykjavíkur Akadémíunni og leigir geymslur undir safnaeign sína. Forstöðumaður er eini starfsmaður safnsins en ráðnir eru verktakar vegna tímabundinna verkefna, þá sérstaklega þegar sérsýningar eru settar upp. Þessar sýningar hafa verið haldnar víðsvegar á liðnum árum og oft á tíðum eru haldin málþing eða aðrar uppákomur í tengslum við þær.

Nú síðast stóð Leikminjasafnið að sýningu á verkum leikmyndahöfundarins Steinþórs Sigurðssonar í Iðnó. Jafnframt var haldið málþing um lífsstarf hans. Þessi sýning stendur ennþá. Fyrirhuguð er sýning síðar á þessu ári á Ísafirði um leiklist á Vestfjörðum. Skemmst er að minnast hliðstæðrar sýningar á Akureyri fyrir nokkrum árum um leiklist á Norðurlandi.

Vissulega hefur bæði fjárskortur og ekki síst aðstöðuleysi háð safninu á liðnum árum. Þó virðist vera að rofa til. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað milli Leikminjasafnsins, menntamálaráðuneytisins og Þjóðminjasafns Íslands um húsnæði sem er í eigu Þjóðminjasafnsins sem Leikminjasafninu gæti staðið til boða. Formlegar viðræður munu hefjast innan skamms um það. Ef það verður að veruleika að safnið fái afnot af umræddu húsi, mun það verða mikil lyftistöng fyrir safnið. Þar yrði vinnuástaða fyrir forstöðumann sem og aðra fræðimenn, jafnframt væri hægt að hafa þar uppi litlar sýningar og efna til ýmissa smærri uppátækna um ýmislegt sem tengist leiklistarsögu Íslands.

Aðalfundur Leikminjasafns Íslands verður haldinn nú í lok maí.

Leikminjasafn Íslands fagnar 10 ára afmæli sínu 9. mars á næsta ári og væri það fagnaðarefni ef safnið yrði þá komið í eigið húsnæði á þeim tímamótum.

Aðalfundur kýs einn aðalman og einn varamann í fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

Fulltrúar FLÍ í stjórn Leikminjasafns Íslands starfsárið 2011-2012

aðalfulltrúi FLÍ: Viðar Eggertsson varafulltrúi FLÍ: Jakob S. Jónsson

Talía-loftbrú

Talía er sjóður í eigu Félags íslenskra leikara, Félags leikskálda og handritshöfunda, Félags leikstjóra á Íslandi og Reykjavíkurborgar. Markmið og tilgangur sjóðsins er að styðja við sýningu og kynningu á íslenskri sviðslist erlendis og er sjóðurinn ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Stjórn sjóðsins boðar fundi þegar umsóknir liggja fyrir. Staða sjóðsins er þökkaleg hefur reynst Íslensku sviðslistafólki haukur í horni. Hægt er að nálgast stofnskrá sjóðsins á vef FLÍ eða sækja þar um í sjóðin rafrænt.

Stjórn skipar einn áheyrnarfulltrúa í stjórn Talíu. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

Fulltrúi FLÍ í stjórn Talíu 2011-2012

Jón Páll Eyjólfsson

Miðstjórn BHM

Formaður FLÍ á sæti í miðstjórn BHM. Miðstjórnarfundir eru haldnir þriðja miðvikudag hvers mánaðar og voru þeir á árinu 10 talsins.

Kjaramál hafa að vanda verið snar þáttur í starfi miðstjórnar. Undirritun kjarasamninga nær allra aðildarfélaganna BHM við ríki, sveitarfélög, Samtök atvinnulífsins og aðra viðsemjendur hefur síður en svo ýtt umfjöllun um kaup og kjör út af borðinu. Fylgja þarf eftir fjölmörgum bókunum með samningum, auk fyrirheita úr yfirlýsingu forsætis- og fjármálaráðherra sem fylgdu kjarasamningum BHM-félaganna við ríki. Er kjarasamningar komu til framkvæmda kom í ljós að launagreiðendur túlkuðu ákvæði um 50 þúsund króna eingreiðslu á þann veg að hana skyldi ekki greiða fólki sem var í fæðingarorlofi á tilteknum tíma. BHM leggst gegn þeirri túlkun og hefur á árinu ítrekað komið þeirri skoðun á framfæri við viðsemjendur og stjórnvöld. Miðstjórn BHM skipaði í trúnaðarstöður á árinu og má sjá nánari upplýsingar um það í árskýrslu stjórnar BHM. Þar má einnig finna ályktanir miðstjórnar samþykktar á starfsárinu og upplýsingar um starfsemi Stýrihópa BHM um kjara- og réttindamál, fag- og kynningarmál og um þjónustu og aðbúnað

Kjarasamningar 19 aðildarfélaganna BHM við ríkið voru undirritaðir 6. júní. Úrvinnsla úr bókun 1 með kjarasamningi við ríkið sem fjallar um endurskoðun launakerfisins hefur frá því sl. haust verið meginviðfangsefni stýrihópsins um kjara- og réttindamál.

Formaður FLÍ hverju sinni á sæti í miðstjórn BHM. Stjórn skal tilnefna varamann formanns.

Varamaður FLÍ í miðstjórn BHM er Gunnar Gunnsteinsson

Valnefndir Grímunnar

Í maí ár hvert tilnefni FLÍ eftirfarandi fulltrúa í valnefndir Íslensku sviðslistaverðlaunanna Grímunnar.

Aðalvalnefnd sviðsverka 2 fulltrúa

Valnefnd barnaverka 2 fulltrúa

Valnefnd útvarpsverka 1 fulltrúa

Stjórn FLÍ þakkar fulltrúum valnefndum Grímunnar fyrir sína óeigingjörnu og þrotlausu vinnu sem innt var af hendi af fagmensku og dugnaði. Fulltrúar okkar í valnefndum 2011-2012 voru:

Ásdís Þórhallsdóttir

Bjarni Ingvarsson

Guðjón Pederssen

Heiðar Sumarliðasson

Jakob S. Jónsson

Samstarf við önnur fagfélög í sviðslistum

FLÍ hafði víðtækt samráð við önnur fagfélög innan sviðslistanna um athugasemdir um nýtt frumvarp MMR til sviðslistalaga. Stofnuð var samráðsnefnd allra fagfélaganna ásamt SL sem skilað af sér nýjum drögum af frumvarpi til sviðslistalaga. Þau drög höfðu verið kynnt félögum allra fagfélaganna til athugasemda og loks var boðað til opins kynningarfundar á vegum LSÍ þar sem drögin voru kynnt og tekið við frekari athugasemdum. Drög samráðsnefndarinnar voru síðan send MMR og birt á vef FLÍ. Athugasemdunum var skilað inn áður en frumvarpið kom fram á Alþingi. Því miður skiluðu þær sér ekki nægilega inn í endanlegt frumvarp og því ljóst að vinna verður áfram að því að ná fram breytingum áður en frumvarpið verður á lögum.

Norrænt samstarf

NSIR Þing

FLÍ er aðili að NSIR Sambandi Norrænna leikstjórafélaga. Ísland tók við formennsku í sambandinu 2010. NSIR er samræðuvettvangur leikstjóra á Norðurlöndum. NSIR þing var haldið hér í Reykjavík þann 26. og 27. nóvember 2011. Fundir voru þéttir og snarpir en góðir. Ritari FLÍ kynnti Skýrslu um kortlagningu á hagrænum áhrifum skapandi greina. Vakti sú rannsókn mikla og verðskuldaða athygli enda afhjúpar hún sannarlega hin jákvæðu hagrænu áhrif hinna skapandi greina. Önnur umræðuefni fundarinnar voru samningar leikstjóra á Norðurlöndum, höfundaréttur og nauðsyn þess að gera frekari úttekt á ráðstöfun fjár til sviðslistastarfsemi og hvernig það fjármagn dreifist á milli stjórnunar og raunverulegrar listsköpunar.

Rekstur FLÍ

Rekstur FLÍ hefur gengið ágætlega undanfarið. Ekki er mikil ávöxtun á sjóðum félagsins vegna aðstæðna á markaði en þó getum við vel við unað. Vegna lagabreytingar á síðasta aðalfundi þar sem félagsgjöld þeirra sem greiða af launum sínum til félagsins eru frádráttarbær frá viðbótarfélagsgjaldi hefur farið

af stað mikil rannsókn á skilum á félagsgjöldum til FLÍ. Það kom í ljós að stofnanir sem félagsmenn okkar starfa hjá hafa ekki í öllum tilvikum skilað inn félagsgjaldi vegna verktakasamninga. Einnig hefur verið brotalöm á að þeir sem starfa sem leikarar við húsin og taka að sér leikstjórnarverkefni skili félagsgjöldum til FLÍ vegna þeirrar vinnu. Það er skýrt kveðið á um það í okkar samingum að okkar viðsejendum beri að gera slíkt hvort heldur um launþega eða verktaka samninga er að ræða. Það hefur því átt sér stað töluverð vinna í þessum málum sem nú sér fyrir endan á og mun vera gerð sátt í þessu máli milli stofnana, félagsmanna og FLÍ. Mikilvægt er að þessi mál skuli nú komin í fastari farveg.

Á síðasta aðalfundi FLÍ var ákveðið að hefja vinnu við að leggja niður orlofs- og sjúkrasjóð og sameina þá félagssjóði. Þetta er gert í kjölfarið á inngöngu FLÍ í BHM en þar öðlast félagsmenn okkar réttindi í sambærilegum sjóðum ef greitt er samfellt í þá. Það hefur borið á því að félagsmenn FLÍ hafi ekki áttað sig á að þeir þurfa að láta vinnuveitendur sína vita að þeir óski eftir að greiða félagsgjöld sín til FLÍ í gegnum BHM. Einnig verða félagsmenn að standa skil á skilagreinum sjálfir vegna verktakagreiðslna.

Ávarp formanns

Ágætu félagar. Það starfsár sem nú er liðið hefur verið viðburðarríkt og það starfsár sem framundan er hlaðið verkefnum. Hefðbundin störf stjórnarmanna og annara sem gegna trúnaðarstöðum fyrir félagið. Auk þess þau fjöldamörgu verkefni sem sú starfsáætlun sem stjórn leggur til samþykktar á aðalfundi inniber. Sú áætlun er metnaðarfull og með henni tekur FLÍ að sér leiðandi hlutverk við stefnumótun í samstarfi við önnur fagfélög. En mikilvægasta verkefnið framundan er vinna við samningargerð enda eru nær allir samningar félagsins lausir og kjör félagsmanna óviðunandi, hafa ekki fylgt almennri launaþróun eða þarfnast leiðréttingar. Það er enginn ástæða til þess að óttast að samninganefnd félagsins skorti elju eða úthald í það verkefni. Ég hef fulla trú á því að henni takist ætlunarverk sitt. Mínar áhyggjur snúa að viðhorfi samingsaðila okkar sem samningafundir okkar hafa afhjúpað. Viðhorfið ber vott um vanþekkingu á eðli starfs okkar og á þeirri vinnu sem leikstjórinn leggur fram. Þetta stangast á við þá staðreynd að aldrei áður höfum við þurft að taka þátt í jafn mikilli vinnu við áætlanagerð og forvinnu hugmynda í samstarfi við markaðs og kynningardeildir. Aldrei áður hefur verið fylgst jafn náíð með vinnutíma leikaranna og framlagi annara deilda. Á okkar ábyrgð er að leiða vinnu allra listrænna stjórnenda saman við viðkomandi sviðssetningu. Við erum því millistjórnendur með mikla ábyrgð og mannaforráð eins óinnblásið og það kann að hljóma. Samt mætir okkur skortur á virðingu og viðurkenningu fyrir framlagi okkar og ábyrgð þegar kemur að launakröfum og kjarabótum. Hvatningu til þess að sækja okkur frekari menntun og þekkingu skortir.

Við leikstjórar eigum það sameiginlegt að við unnum leikhúsinu. Okkar hollusta og metnaður stendur til þess að sviðsetja frásagnir fyrir áhorfendur sem hrífa og snerta fólk. Lyfta því uppúr amstri hversdagsins, birta þeim annan sannleik en þann sem við blasir, læða að þeim spurningum sem þeir hafa ekki áður velt fyrir

sér, breyta skynjun þeirra á heiminum og þegar best lætur tekur fólk með sér út úr leikhúsinu eitthvað sem breytir lífi þeirra. Slíkur getur verið máttur leikhússins. En nú ríður á að við sýnum hollustu við okkur sjálfa sem stétt. Sú kjarabarátta sem framundan er mun ekki taka enda nema að allir leikstjórar leggist á eitt og styðji hana í verki. Að við séum reiðubúin að beita þeim vopnum við höfum en höfum hingað til ekki beitt. Þær viðræður sem undan eru gengnar vekja ekki vonir til þess að bættum kjörum og leiðréttingu verði náð án átaka. Þegar það kall kemur er ég þess fullviss að félagsmenn muni leggja sín lóð á vogarskálarnar því biðinni eftir bættum kjörum verður að ljúka og nýr tími að hefja sitt skeið þar sem laun okkar eru í takt við menntun okkar, ábyrð og framlag okkar.

Með baráttukveðju

Jón Páll Eyjólfsson
Formaður FLÍ